

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar:

1. *Hafnarfjarðarvegur, stofnbraut, deiliskipulag.*  
Deiliskipulag stofnbrautar sem nær til Hafnarfjarðarvegur frá gatnamótum við Vífilsstaðaveg að gatnamótum við Lyngás/Lækjarfit. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir bráðabirgðaendurbótum á Hafnarfjarðarvegi og gatnamótum við Vífilsstaðaveg að gatnamótum við Lyngás/Lækjarfit. Markmið deiliskipulagsins er að bæta umferðarflæði á Hafnarfjarðarvegi og úr aðliggjandi byggð og að auka öryggi akandi og gangandi vegfarenda.
2. *Vífilsstaðavegur og Bæjarbraut, deiliskipulag.*  
Deiliskipulag tengibrautanna Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar, frá Litlatúni að Reykjanesbraut og að Hofstaðabraut. Markmið deiliskipulagsins er að auka öryggi gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda og bæta umferðarflæði.
3. *Ásgarður, breyting deiliskipulags.*  
Breytingin gerir m.a. ráð fyrir breyttri legu göngustígs við Hraunholtslæk og á fyrirkomulagi bílastæða og breytingu á gatnamótum við Vífilsstaðaveg.
4. *Miðbær, neðsta svæði (svæði III), breyting deiliskipulags.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að deiliskipulagssvæðið minnki sem nemur gatnamótum Vífilsstaðavegar og Hafnarfjarðarvegur, til samræmis við deiliskipulag Hafnarfjarðarvegur.
5. *Hörgatún 2, breyting deiliskipulags.*  
Breytingin gerir ráð fyrir skerðingu í norðvesturhorni lóðar vegna útfærslu á hringtorgi á gatnamótum Litlatúns/Flataskóla og Vífilsstaðavegar til samræmis við deiliskipulag Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar.
6. *Ásar og Grundir, breyting deiliskipulags.*  
Breytingin gerir m.a. ráð fyrir breytingum á stígum o.fl. næst Hafnarfjarðarvegi og breytingum á lóðarmörkum að Lyngási 2.
7. *Hraunsholt eystra, breyting deiliskipulags.*  
Breytingin gerir m.a. ráð fyrir því að deiliskipulagssvæðið minnki við gatnamót Lækjarfitjar og Hafnarfjarðarvegur.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 17. september 2019.

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.